

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 28. febrúar kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1199. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Harri Ormarsson, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

- Asparfell 2 - USK23020080** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060775 v/lokaúttektar þar sem fram koma breyttar stærðir á djúpgámum á lóð nr. 2 við Asparfell.
Breyttar stærðir: Mhl. 10: 10,8 ferm., 30 rúmm.
Mhl. 11: 13,5 ferm., 37,4 rúmm.
Mhl. 12: 13,5 ferm., 37,4 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Austurstræti 17 - USK23010203** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi verslunar- og veitingarýmis á 1. hæð, rými 01-0101, veitingasala í flokki I, tegund c. veitingastofa og greiðasala, í húsi á lóð nr. 17 við Austurstræti.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Ármúli 4-6 - BN061428** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060954, þ.e. við suðurgافل er bætt við flóttastiga og útveggir klæddir álklæðningu, viðbyggingu ásamt lyftuhúsi á austurhlið og endurnýjun glugga í matshluta nr. 02 í húsi nr. 6 á lóð nr. 4-6 við Ármúla. Stækkun: 37,7 ferm., 136,9 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikninga hönnuðar dags. 3. maí 2022, afrit aðaluppdráttu samþykktir þann 14. desember 1995, 27. apríl 1995 og 6. október 1998, yfirlýsing eigenda dags. 22. ágúst 2022 og greinargerð brunahönnuðar dags. 22. ágúst 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. janúar 2023 fylgir erindi. Gjald kr.12.600.
Frestað. Vísað til athugasemda.
- Ármúli 9 - USK22122942** Sótt er um leyfi til að gera gat í eldvarnarvegg á lóðarmörkum, opnun inn í byggingu á lóð nr. 7 á 1. hæð og í efri kjallara, loka gati í gólfi milli 1.hæðar og kjallara, auk þess er rými 0101, 0150 og 0152 innréttað fyrir verslun í húsi á lóð nr. 9 við Ármúla.
Stækkun: 76,8 ferm.
Stærð matshluta eftir breytingar: 9.213,9 ferm., 31.802,8 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á útgefnum aðaluppdráttum erindis BN059482.
Erindi tengt USK22122941 vegna opnun eldvarnarveggja yfir lóðarmörk.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

5. **Ármúli 38 - BN060263** Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0302, matsluta 02, úr skrifstofu í íbúð í húsi á lóð nr. 38 við Ármúla. Stærð: Óbreytt. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 5. janúar 2021, yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 23. nóvember 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2022. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 7. febrúar 2022 og 4. maí 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2022. Gjald kr.12.100.
Frestað. Vísad til athugasemda.
6. **Blönduhlíð 9 - BN061696** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og eignarhaldi í kjallara, þ.e. geymsla sem tilheyrði sameign færð í séreign eignar í kjallara í húsi á lóð nr. 9 við Blönduhlíð. Erindi fylgir samþykki eigenda, ódagsett.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Borgartún 8-16A - USK23020170** Sótt er um leyfi til að byggja sjöunda og síðasta áfanga bílakjallara á tveimur og þremur hæðum, með 212 bílastæðum og tengist bílakjallara sem fyrir er, þannig að alls verða 1.351 bílastæði á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
Erindi fylgja yfirlitsmyndir af bílakjallara.
Stærð BK7: 5.190,3 ferm., 18.719,7 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 39.632,5 ferm., 141.150,1 rúmm.
B-rými: 13.291,4 ferm.
Samtals: 52.923,9 ferm., 145.510,5 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfraeðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
8. **Bæjarflöt 19 - BN061802** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059285 þannig að innra skipulagi er breytt í mhl. 03 í húsi á lóð nr. 19 við Bæjarflöt.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfraeðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fókheldi.

9. **Bíldshöfði 5A** - breyting á notkun lóðar - BN061881 Sótt er um leyfi til að breyta notkun lóðar frá því að vera einungis fyrir bílastæði í því að hluti lóðar sé einnig fyrir AC og DC rafhleðslustöðvar á lóð nr. 5a við Bíldshöfða - L110561.
Meðfylgjandi er undirskrift ábúanda/leigutaka dags. 02.12.2022, samkomulag við Veitur ohf. vegna lagningar jarðstrengja ásamt dreifistöðvar dags. 02.12.2022 og áformalýsing hönnuðar dags. 05.12.2022. Erindi afgreitt á fundi skipulagsfulltrúa 16. febrúar 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 13.200.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
10. **Depluhólar 4 - BN061601** Sótt er um leyfi til að breyta útliti á húsi og skipulagi lóðar, þ.e. tröppur upp á svalir felldar út, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð í stað glugga á suðausturhlið, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð á suðvesturhlið, lóð lækkuð, bætt aðgengi og umferðarleiðir innan lóðar og að húsi, steypt setlaug og stoðveggir á lóðarmörkum húss á lóð nr. 4 við Depluhóla. Erindi fylgir umboð eiganda dags. 6. október 2022, bréf eiganda, rökstuðningur vegna breytinga dags. 11. október 2022, samþykki aðliggjandi lóðarhafa nr. 2 við Depluhóla og nr. 1 við Erluhóla. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu sem samþykktir voru þann 12. júlí 1984. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 20. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023.
11. **Faxafen 14 - USK23020006** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallararýmis 0005 og starfrækja ísgerð, í húsi á lóð nr. 14 við Faxafen.
Erindi fylgir afrit hæðar- og mæliblaðs.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. **Fiskislóð 65 - USK22122989** Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýma 0101, 0103 og 0104 og innrétta þvottahúsi í húsi nr. 65, mhl.04, á lóð nr 53-69 við Fiskislóð.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 22. desember 2022 og yfirlit breytinga á afriti af teikningum stimpluðum 14. janúar 2001.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. **Freyjugata 16 - BN061489** Sótt er um leyfi til að hækka um eina hæð, byggja kvisti og innrétta fjórar íbúðir í húsi á lóð nr. 16 við Freyjugötu.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. september 2022, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. september 2022 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags 20. október 2022, bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2023 og bréf frá umhverfis- og skipulagsráði dags. 23. febrúar 2023.
Stækkun: 53 ferm., 152 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 177,4 ferm., 491,1 rúmm.
B-rými: 1,9 ferm.
Gjald kr. 12.600.
Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2023.

14. **Friggjarbrunnur 24 - USK23010266** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN035304, vegna lokaúttekta matshluta nr. 01 og 02, þ.e. hús nr. 24, matshluti 01 verði klætt álklaðningu, hús nr. 24, matshluti 02 verði sléttmúraður og álklað, svalahandrið 2. hæðar verði gler, á húsum á lóð nr. 24-26 við Friggjarbrunn.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 11. janúar 2023.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023 fylgir erindi.
Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023.
15. **Garðsstaðir 36 - USK22122952** Sótt er um leyfi til að reisa viðbyggingu, tengibyggingu og geymslu suðaustan við núverandi hús, úr krosslímdum timbureiningum, einangrað og klætt læstri zink klæðningu að utanverðu, tengibygging milli húss og viðbyggingar er gler, við hús á lóð nr. 36 við Garðsstaði.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir
afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2021,
bréf hönnuðar dags. 8. desember 2022,
hæðar- og mæliblað,
vottorð um stjórnunarkerfi hönnuðar, gildistíma til 3. júlí 2023,
Greinargerð hönnunarstjóra dags. 25. nóvember 2022,
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2023.
16. **Grensásvegur 14 - BN061816** Sótt er um leyfi til að innrétta veitingarstað í fl. I, tegund a - Veitingahús, fyrir 15 gesti í mhl. 01 rými 0102 í húsi á lóð nr. 14 við Grensásveg.
Með erindinu fylgir umboð eiganda dags. 30.01.2023, samþykki eiganda á húsfundi vegna loftræsirörs dags. 30.01.2023, samþykki eigenda á teikningu ódagsett.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
17. **Grjótháls 1-3 - BN061720** Sótt er um stöðuleyfi fyrir gám sem nota á sem lager/geymslu á vörum stoðtækjapjónustunnar og verður staðsettur á austurhlið lóðar nr. 1-3 við Grjótháls.
Samþykki eiganda dags. 3. nóvember 2022 fylgir erindinu.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
18. **Gullslétta 14 - BN061776** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037975 þannig að tekið er niður skyggni og bætt við gluggum á austur gaffli og innri breytingar á húsi á lóð nr. 14 við Gullsléttu.
Millipallur, stækkun: XX ferm. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
19. **Hallveigarstígur 1 - BN060827** Sótt er um leyfi til að breyta notkun 3. hæðar úr skrifstofu í gististað án veitinga, í flokki II, teg. g., íbúðir, með níu herbergi fyrir 18 gesti á 3. hæð sem er viðbót við þau fjögur herbergi sem fyrir eru á 4. hæðinni, samtals 13 herbergi í húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppráttar erindis BN057663 og afgreiðslubréf skipulagsfulltrúa dags. 10. mars 2022.
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. **Hávallagata 17 - USK23010303** Sótt er um leyfi til þess að gera kvisti á austurþekju húss, hækka handrið svala 1. og 2. hæðar og breyta innra skipulagi íbúðar 0301, í íbúðarhúsi á lóð nr. 17 við Hávallagötu.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á afriti teikningar Sei studío dags. 29. janúar 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

21. **Holtavegur 10 - USK23020096** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061191, þ.e. að gera nýjan inngang og lyftuhús á vesturhlið, breyta innra skipulagi, færa stiga og fjarlægja gönguband í matshluta nr. 01, í húsi nr. 10 á lóð nr. 8-10 við Holtaveg.
Stækkun: 76,5 ferm., 311,9 rúmm.
Stærðir eftir breytingu:
Mhl.01: 37.837,2 ferm., 196.091,7 rúmm.
Mhl.04: 9.324,1 ferm., 80,8 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. **Hraunbær 115 - USK23020118** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 og 0103 og innréttu viðtalsherbergi og koma fyrir nýrri móttöku í heilsugæslu í húsi á lóð nr. 115 við Hraunbæ.
Gjald kr. 14.000.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
23. **Hraunbær 143 - USK23020144** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058735 með síðari breytingu BN059583 þannig að sorpskýli ,mhl.04, er breytt í opið sorpskýli auk þess sem bætt er við tveimur nýjum sorpskýlum, sorpgeymsla í kjallara mhl.01 er fjarlægð og í staðinn gerðar sérgeymslur fyrir íbúðir, rýmisnúmerum er breytt og skráningartafla uppfærð til samræmis fyrir fjölbýlishús, mhl.01, jafnframt er skipt um utanhússklæðningu á mhl.01 og mhl.02 á lóð nr. 143 við Hraunbæ.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði varðandi staðföng matshluta dags. 13. febrúar 2023 og yfirlit breytinga á aðaltekningum samþykktum 7. september 2021.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
24. **Hvammngerði 7 - BN060637** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052653 vegna lokaúttektar, þ.e. gluggi á suðvestur hlið felldur út, útfærslu handrið svala breytt, gluggar við svalir síkkaðir, pallur suðvestur við hús stækkaður og aðstaða sorps færð að lóðarmörkum norðvestan við hús á lóð nr. 7 við Hvammngerði.
Gjald kr.12.600.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

25. **Kambsvegur 27 - BN060338** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. grafið út frá sökklum og breytt í tómstundar- og vinnurými, innra skipulagi bílskúrs breytt, komið fyrir votrými og notað til daglegrar dvalar fólks, jafnframt er sótt um að byggja viðbyggingu við austurhlið einbýlishúss á einni hæð auk kjallara og koma fyrir svölum á suðurhlið með aðgengi niður í garð, á lóð nr. 27 við Kambsveg.

Stærðir - núv. stærðir uppgefnar í fasteignaskrá:

01: 147,2 ferm., 408,0 rúmm.

02: 21,2 ferm., 52,0 rúmm.

Breyting - uppgefnar stærðir meðfylgjandi skráningartöflu:

01: 225,5 ferm., 678,0 rúmm.

02: 36,8 ferm., 102,9 rúmm.

Stækkun - Mismunur á skráðri stærð og skráningartöflu.:

01: 78,3 ferm., 270,0 rúmm.

02: 15,6 ferm., 50,9 rúmm.

Erindi fylgir bréf frá umsækjanda dags. 12. júlí 2022 og teikningaskrá ódagsett.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. september 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. september 2022.

Gjald kr. 12.100

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. **Katrínartún 6 - USK23020169** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059165, m. a. gerð búnings og baðaðstaða í kjallara, inngangur á suðurhlið færður á suðurhlið og gert skyggni yfir, gerður opinn stigi milli 4. og 5. hæðar og milli 6. og 7. hæðar, aðgengi bætt að svölum á 3. hæð og þaki, stigahús á suðurhlið fellt út á kjallarahæðum, auk þess sem innra skipulagi er breytt á öllum skrifstofuhæðum, og í mötuneyti auk þess girðing á þaki er aðlöguð að búnaði á skrifstofuhúsinu Katrínartún 6, sem er mhl. 07 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Áður samþykkt stærð: 12.151,4 ferm., 47.131,6 rúmm.

Eftir breytingu: 13.138,9 ferm., 46.731,9 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. **Kirkjustétt 4 - USK22122940** Sótt er um leyfi til að breyta notkun, þ.e. bakaríi í veitingastað í fl. II, teg. e, kaffihús fyrir 25 gesti í rými 02-0104 í húsi nr. 4 á lóð nr. 2-6 við Kirkjustétt.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 16. febrúar 2023.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

28. **Klapparstígur 1-7 - BN061771** Sótt er um leyfi að skipta í tvær eignir, mhl. nr. 18, rými 0001 í tvö fasteignanúmer, 0001 og 0002 í kjallara í húsi nr. 10 við Skúlagötu á lóð nr. 1-7 við Klapparstíg. Erindi fylgir fundagerð húsfélags með samþykki sex eiganda af sjö sem mættu á fundinn sem haldinn var 25. október 2022 hjálagað sem fylgirit.

Gjald kr. 13.200.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. **Laufásvegur 18 - BN061526** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. í kjallara er uppfærð skráning, eldhús fært, innréttað svefnherbergi, í bakhúsi er innra skipulagi breytt, gólf hækkað í rými 0001 en lækkað gólf og breytt notkun úr geymslu í vinnustofu með eldhúsi í rými -101 og gerðar nýjar tröppur niður í vinnustofu í húsi á lóð nr. 18 við Laufásveg.
Stækkun: 23,3 rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar, endurnýjun á byggingarleyfi BN055012 dags. 20. september 2022. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti teikninga hönnuðar dags. 31. október 2022 og yfirlit breytinga unnið á útgefnum aðaluppdrætti erindis BN028953.
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 14. desember 2022 og afrit fundarboðs húsfélags dags. 6. janúar 2023.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi
30. **Laufásvegur 19** - tímabundin breyting - búsetuúrræði - BN061842 Sótt er um leyfi til að innrétta búsetuúrræði í mhl. 02 og mhl. 03 á lóð nr. 19 við Laufásveg. Bréf frá umhverfis- og skipulagsráði dags. 19. desember 2022 fylgir erindi.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
31. **Laufásvegur 21-23** - tímabundin breyting - búsetuúrræði - BN061865 Sótt er um leyfi til að innrétta búsetuúrræði í íbúðar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 21-23 við Laufásveg. Bréf frá umhverfis- og skipulagsráði dags. 23. febrúar fylgir erindi.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
32. **Laugavegur 20 - USK22122905** Sótt er um leyfi til að setja niður djúpgáma, fjórum 1.100 lítra gámum, fyrir 12 íbúðir og atvinnurými á jarðhæð, framan við hús nr. 20 og 20a, við Laugaveg.
Stærð: x,x ferm., x,x rúmm.
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 7. desember 2022.
Erindi afgreitt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. febrúar 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2023 fylgir erindi.
Afgreitt.
Synjað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. febrúar 2023.
33. **Laugavegur 50 - USK23010219** Sótt er um leyfi til að breyta erindi B058582 vegna lokaúttektar þannig að gluggum á bakhlið er breytt og loft tekið niður í íbúð 0301 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 50 við Laugaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

34. **Mávahlíð 24 - BN060702** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að opna úr stofu/eldhúsi út á steypa niðurgrafna verönd við suðurhlíð, síkka kjallaraglugga á suðurhlíð og gera nýtt anddyri og steypa niðurgrafna verönd á austurhlíð hússins á lóð nr. 24 við Mávahlíð. Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningu og umsögn burðarþolshönnuðar dags. 06.06.2021. Gjald kr. 12.600.
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.*
35. **Njörvasund 30** - viðbygging - BN061583 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr léttu byggingarefni þar sem koma á fyrir eldhúsi og með tengingu út í garð í húsi á lóð nr. 30 við Njörvasund. Stækkun: 40,7 ferm., 130 rúmm. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september 2022. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
36. **Rafstöðvarvegur 33-33A - BN061875** Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlíð íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvíbýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg. Stækkun: 24.4 ferm., xx.x rúmm. Erindi fylgir A3 afrit af aðalteikningum samþykktum 22. ágúst. 2022. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
37. **Reykjastræti 2 - USK23010183** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi skrifstofurýmis á 3. hæð, í matshluta nr. [x], í húsi nr. 2 við Reykjastræti á lóð nr. 2 við Austurbakka. Gjald: 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
38. **Reykjastræti 7 - USK23020161** Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir íbúðar 05-0607 húsi nr. 7 við Reykjastræti á lóð nr. 2 við Austurbakka. Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 19. september 2022 og afrit af ábyrgðarsviði hönnuða dags. 14. febrúar 2023. Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
39. **Sigtún 42 - USK22123027** Sótt er um leyfi til þess að breyta aðkomu á norðurhlíð, útliti á suðurhlíð 1. hæðar og innra skipulagi rýma 0101, 0102 og 0202 í skrifstofuhúsi á lóð nr. 42 við Sigtún. Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa í bréfi dags. 16. desember 2022, bréf frá umsækjanda dags. 1. desember 2022 og greinargerð verkfræðistofunnar Örugg efh 339-001-GRG-001-V01 dags. 7. desember 2022. Gjald kr. 13. 600.
Frestað. Vísað til athugasemda.
40. **Skaftahlíð 32 - USK23020081** Sótt er um leyfi til að opna milli 1. hæðar og kjallara og koma fyrir hringstiga, í húsi á lóð nr. 32 við Skaftahlíð. Erindi fylgir gátlisti aðaluppdráttu og samþykki eigenda dags. 7. febrúar 2023. Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
41. **Skógarhlíð 20 - USK23020271** Sótt er um leyfi til að breyta geymslu í kjallara í gistiherbergi gistihúss í flokki II, tegund [X] , fjölga gestum um 12 og setja hurð í stað glugga á norðurhlíð húss á lóð nr. 20 við Skógarhlíð. Erindi fylgir yfirlit breytinga} Gjald kr.14.000}. USK23020271
Frestað. Vísað til athugasemda.

42. **Starmýri 2 - BN061822** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058605, breytt skráning á hluta sameignar í sameign sumra, baðherbergi breytt og komið fyrir þvottaherbergi í íbúð 03-0102 og reistir veggir utan um stiga í stigahúsi á fjórðu hæð matshluta nr. 03, í húsi nr. 2A á lóð nr. 2 við Starmýri. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikninga hönnuðar dags. 24. ágúst 2022. Gjald kr.13.200.
Frestað. Lagfæra skráningu.
43. **Stórholt 33 - USK23010333** Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta bílgeymslu, matshluta nr. 02, einangruð að innanverðu með léttbyggðu einhalla þaki, við hús á lóð nr. 33 við Stórholt. Stærð: 47,0 ferm., 157,0 rúmm. Erindi fylgir afrit eyðublaðs umsóknar um byggingarleyfi og gátlisti aðaluppdráttu, hæðarblað, afrit staðfestingar á starfsábyrgðartryggingu hönnuðar dags. 9. janúar 2023 og bréf með afriti fundarbókunar skipulagsfulltrúa nr.38.22. Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
44. **Sundlaugavegur 30 - BN061882** Sótt er um leyfi til þess að innrétta hárgreiðslustofu í kjallara heilsuræktarstöðvar í húsi nr. 30A, mhl.05, á lóð nr. 30 við Sundlaugarveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningum stimpluðum 22. maí 2007 og 15. nóvember 2014. Gjald kr. 13.200
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
45. **Sundlaugavegur 30A - USK23020094** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061537, þ.e. þreksalur á jarðhæð stækkar, sunnanverður útgangur þreksalar verður lagður niður, lager heldur upprunalegri stærð og bætt við stoðrými starfsmanna í afgreiðslu og veitingasölu matshluta nr. 05, í húsi nr. 30A á lóð nr. 30 við Sundlaugaveg. Gjald kr.14.000
Frestað. Vísað til athugasemda.
46. **Súðarvogur 2 - BN061606** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056586, þannig að hætt er við að hafa timburdekk sem var vegna algildrar hönnunar á svölum á húsi á lóð nr. 2 við Súðarvog. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
47. **Tjarnargata 41 - USK23020088** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060904, bílskúr í matshluta nr. 02, í geymslu, við hús á lóð nr. 41 við Tjarnargötu. Erindi fylgir umboð eigenda. Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
48. **Tunguvegur 24 - USK23020007** Sótt er um leyfi til að hækka ris og byggja kvisti, gera viðbyggingu við norðvesturhlið, lækka gólf kjallara og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Tunguveg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023 fylgir erindi. Stækkun: 99 ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 276,8 ferm., 760,7 rúmm. B-rými: 8,6 ferm. Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar. Vísað til uppdr. A-300, A-311 og A-331, dags. 31. janúar 2023.

49. **Urðarstígur 4 - BN061755** Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu með steypum kjallara, tímibur milliþlata, útveggir og þak, við suðurhlíð, húsi á lóð nr. 4 við Urðarstíg.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 13. apríl 2022, smækkað afrit deiliskipulagsbreytingar dags. 5. júlí 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti teikningu hönnuðar dags. 14. nóvember 2022.
Stækkun: 112 ferm., 367 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
50. **Vegamótastígur 7 - USK23010256** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053531, fella út reyklúgu frá kjallara en þess í stað verði reykræst um útihurð kjallara og breytt opnun útgangshurðar í stigahúsi hótels í flokki IV, tegund a., í húsi lóð nr. 7 við Vegamótastíg.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
51. **Vesturgata 53 - USK22122965** Sótt er um leyfi til að stækka hús í matshluta nr. 01, port hússins hækkað og byggt yfir vesturenda og stækkað til suðurs, jafnframt er sótt um að sameina matshluta nr. 04 og nr. 01 og fjölga íbúðum um eina, í matshluta nr. 01, í húsi nr. 53 á lóð nr. 53-53A við Vesturgötu.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Eldra erindi BN059534 dregið til baka með tölvupósti.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 20. desember 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 20. desember 2022, heildar varmataps rammi dags. 20. desember 2022, afrit eyðublaðs byggingarleyfis og gátlisti aðaluppdráttá ódags., afrit starfsábyrgðartryggingu hönnuða dags. 20. maí 2022, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2022, ástandsskýrsla ráðgjafa dags. 17. febrúar 2023 og minnisblað ráðgjafa dags. 21. febrúar 2023.
Gjald: 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
52. **Viðarhöfði 3 - USK22122891** Sótt er um leyfi til að skipta húsi í þrjár notkunareiningar, breyta innra skipulagi og útliti, þ.e. innréttu eldhús til framleiðslu á réttum sem afgreiddir eru frá eldhúsi í neytendapakkingum til sölu í verslunum með 25 starfsmenn, klætt yfir hluta glugga og komið fyrir nýjum inngangshurðum, í húsi á lóð nr. 3 við Viðarhöfða.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 9. desember 2022 og yfirlit breytinga unnið á aðaluppdráttum BN0026382.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 13. janúar 2023.
Gjald: 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
53. **Víðinesvegur 30 - USK23020033** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061640 þannig að texta um brunavarnir og flóttaleiðum er breytt í flokki II, teg. d, í húsi á lóð nr. 30 við Víðinesveg.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins og eldvarnareftirlitsins.

54. **Þorragata 1 - Viðbygging - BN061638** Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar, steinsteypa viðbyggingu með hefðbundnu timburþaki við leikskóla á lóð nr. 1 við Þorragötu.
Bréf frá umhverfis- og skipulagsráði dags. 23. febrúar fylgir erindi.
Stækkun: 185,4 ferm., 647,0 rúmm.
Niðurrif: 43,3 ferm., 103,7 rúmm.
Stærð eftir breytingu: 754,0 ferm., 2.576,7 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál

55. **Akurgerði 2 - USK23020289** Spurt er hvort leyft yrði að gera íbúð með sér fasteignanúmer í kjallara parhúss á lóð nr. 2 við Akurgerði.
Neikvætt. Uppfyllir ekki ákvæði byggingarreglugerðar.
56. **Grundarstígur 17 - fsp - USK23020276** Spurt er hvort leyft yrði að innrétta tvær íbúðir með sér fasteignanúmerum í kjallara húss á lóð nr. 17 við Grundarstíg.
Neikvætt. Samræmist ekki byggingarreglugerð.
57. **Sólvallagata 72 - fsp - USK23020275** Spurt er hvort leyft yrði að gera þrjár sjálfstæðar íbúðir í húsi á lóð nr. 72 við Sólvallagötu.
Neikvætt. Samræmist ekki byggingarreglugerð.
58. **Þengilsbás 2 - 6 og Jöfursbás 1 og 3 - USK23020086** Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 14:00

Nikulás Úlfar Másson
Harri Ormarsson
Sigrún Reynisdóttir
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Vífill Björnsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir